

REGLUR

um útreikning og færslu vaxta o.fl. við Seðlabanka Íslands í viðskiptum við innlánsstofnanir.

1. Viðskiptareikningar

1.1 Innstæður

Af innstæðu á viðskiptareikningi reiknast dagvextir sem færast í árslok. Vaxtadagur inn- og útborgana er afgreiðsludagurinn, nema sérstaklega sé um annað samið.

1.2 Yfirdráttur

Yfirdráttur á viðskiptareikningi umfram kvóta sbr. 7. tölulið er óheimill. Hafi engu að síður orðið óheimill yfirdráttur, t.d. vegna skjalaskipta, skal hlutaðeigandi innlánsstofnun án tafar gera ráðstafanir til að eyða honum. Það getur hún gert með því að selja Seðlabankanum verðbréf gegn endurkaupasamningi, sbr. 5. tölulið, og fá söluna vaxtafærða („valideraða“) með gildistöku þann dag sem yfirdráttur telst hafa myndast og skal sá dagur teljast fyrsti vaxtadagur verðbréfavíðskiptanna. Við slíka „valideringu“ greiðist 0,1% gjald. Hlutaðeigandi innlánsstofnun skal framvísa umræddum verðbréfum fyrir kl. 10.30 á fyrsta banka-afgreiðsludegi eftir að yfirdráttur myndaðist.

2. Innstæðubréf

Af innstæðubréfum reiknast fastir, eftirágreiddir vextir. Framboð innstæðubréfa er háð nánari ákvörðun bankastjórnar Seðlabankans hverju sinni en beiðnir um kaup þeirra skulu berast peningamálasviði bankans.

3. Verðtryggð innlán

Um verðbætur og vexti innstæðna á verðtryggðum reikningum fer sem hér segir:

- Verðbætur eru reiknaðar á tvennan hátt. Lægsta innstæða í almanaksmánuði tekur breytingum skv. lánskjaravísitölu, en inn- og útborganir eru verðbættar innan mánaðarins með sérstökum verðbótum í formi vaxta.
- Fyrsta dag hvers mánaðar skal höfuðstóll, sem staðið hefur óhreyfður sl. mánuð, hafa tekið sömu hlutfallslegu breytingu og verður þá á lánskjaravísitölu, hvort sem breytingin er til hækkunar eða lækkunar.
- Innborgað fé ber sérstakar verðbætur frá innborgunardegi til næstu mánaðamóta, en þá leggjast þær við höfuðstólinn eftir vísitölufærslu. Útborgað fé ber á sama hátt sérstakar verðbætur frá síðustu mánaðamótum að útborgunardegi, sem leggjast við höfuðstól um næstu mánaðamót. Sérstakar verðbætur innan úttektarmánaðar greiðast þó út með höfuðstól og áunnum vöxtum sé reikningur eyðilagður.
- Vextir af verðtryggðum reikningum reiknast í lok mánaðar af lægstu innstæðu mánaðarins og leggjast við höfuðstól um áramót.

4. Verðbréfasala gegn endurkaupasamningi

Að beiðni innlánsstofnana selur Seðlabankinn ríkisvixla eða innstæðubréf úr eigu sinni skv. nánari lýsingu í 5. lið hér á eftir, sem gildir með breyttum gerendum þar sem innlánsstofnanir eru kaupendur í stað Seðlabankans. Beiðnin skal berast peningamálasviði bankans, sem kemur henni til afgreiðslu.

5. Verðbréfakaup gegn endurkaupasamningi

Að beiðni innlánsstofnunar kaupir Seðlabankinn verðbréf gegn endurkaupasamningi skv. nánari lýsingu hér á eftir. Bréfin skulu berast Seðlabankanum fyrir kl. 14.00 þann dag sem þau óskast keypt (bókuð). Endurkaupadaginn skal bera upp á afgreiðsludag banka. Bréfin skulu að jafnaði valin þannig að ekki sé um að ræða bréf með gjalddaga eða útdrattardegi fyrir lok samningstímans. Séu bréf dregin út á samningstímanum, skal fyrirgreiðslan gerð upp þá þegar og skal þá miðað við sömu ávöxtun og samið var um. Beiðnin skal berast peningamálasviði bankans, sem kemur henni til afgreiðslu.

Varðandi þessi verðbréfakaup gildir tiltekin ávöxtun skv. ákvörðun bankastjórnar Seðlabankans hverju sinni. Út frá ávöxtun skal reiknuð forvaxtaþrósenta með tveimur aukastöfum til notkunar við vaxtaútreikning. Þegar F er forvaxtaþrósenta, A ávöxtun d dagafjöldi frá og með kaupdegi að gjalddaga, hattur (^) táknað veldi, stjarna (*) margföldun og skástrik (/) deilingu, gildir:

$$F = [1 - 1/(1+A/100)^{(d/360)}] * 36000/d$$

5.1 Ríkisvixlar og innstæðubríf

Seðlabankinn kaupir ríkisvixla og innstæðubríf af innlánsstofnun enda skuldbindi hún sig til að endurkaupa þau eftir því sem næst 10 daga. Kaupverð Seðlabankans skal vera nafnverð vixilsins eða bréfsins að frádregnum forvöxtum til gjalddaga hans, sbr. lið 5. Endurkaupaverð skal reiknað á sama hátt.

5.2 Önnur verðbréf

Seðlabankinn kaupir, skv. ákvörðun bankastjórnar hverju sinni, önnur verðbréf útgefin af ríkissjóði eða með ábyrgð ríkissjóðs, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands, enda skuldbindi hlutaðeigandi innlánsstofnun sig til að endurkaupa þau eftir því sem næst 30 daga. Kaupverð Seðlabanka skal vera markaðsverð að frádregnum framangreindum forvöxtum, sem reiknast til loka samningstímans. Með markaðsverði er átt við meðalverð í viðskiptum með hlutaðeigandi verðbréf á Verðbréfaþingi daginn áður en samið er um kaupin, en sé ekkert viðskiptaverð fyrir hendi skal miða við hæsta kautilboð þann dag. Endurkaupaverð skal vera framangreint markaðsverð.

6. Reikningskvóti

Seðlabankinn úthlutar banka reikningskvóta. Úthlutuð fjárhæð gildir fyrir hverja 2 samliggjandi almanaxsmánuði. Kvótinn verður tilgreindur sem margfeldi af fjárhæð notaðs kvóta og fjölda daga, sem hann er notaður. Vextir af notuðum reikningskvóta eru tilgreindir sem forvextir í einn dag en reiknaðir mánaðarlega frá 21. hvers mánaðar til 20. næsta mánaðar og færðir í mánaðarlok. Umbreyting forvaxtaþrósentu (F) yfir í vaxtaþrósentu (V) með tveimur aukastöfum, sem notuð er til þess að reikna vexti mánaðarlega, er eftirfarandi:

$$V = [1 / (1 - F/36000)]^{30} - 1 * 1200$$

7. Vixillán

Vextir vixillána, sé um þau að ræða, eru forvextir. Séu forvextir teknir fyrir lengri tíma en 3 mánuði í senn skulu þeir ákveðnir þannig að raunveruleg árleg ávöxtun verði ekki meiri en þegar um 3 mánuði er að ræða.

8. Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem settar eru á grundvelli 6. og 7. gr. laga nr. 36/1986, taka gildi 17. janúar 1997. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um útreikning og færslu vaxta o.fl. við Seðlabanka Íslands frá 30. desember 1994.

Reykjavík, 16. janúar 1997.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

14. janúar 1997

Nr. 39

REGLUGERÐ

um holræsagjald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Ísafjarðarbæ eða leigir lóð í bæjarfélaginu við opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlega holræsagjald til bæjar-sjóðs Ísafjarðarbæjar.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,16% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, og 0,16% af fasteignamati atvinnuhúsnæðis og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald. Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka allt að 50% án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerð um holræsi og holræsagjald fyrir Flateyrarkauptún nr. 98/1974, sbr. reglugerð nr. 102/1979, reglugerð um holræsi fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 372/1973, sbr. reglugerð nr. 335/1975, og reglugerð um holræsi og holræsagjöld á Suðureyri, Súganda-firði, nr. 100/1977.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. janúar 1997.

F. h. r.

Sigríður Lilly Baldursdóttir.

Sesselja Árnadóttir.